

FJÖLMIÐLAFRÆÐI

BA-nám (aukagrein)
hi.is/fjolmidlafraedi



Hver eru samfélagsleg áhrif fjölmiðla?

Nemendur eiga þess kost að taka fjölmiðlafræði sem aukagrein (60 einingar), með ýmsum aðalgreinum (120 einingar). Nemendur þurfa að ljúka samtals 180 einingum til að útskrifast með BA-próf.

Fjölmiðlafræðinámið á BA stigi nýtist öllum þeim sem áhuga hafa á samfélagslegum áhrifum fjölmiðla í samtímanum. Einnig veitir það góðan undirbúning fyrir nemendur sem hyggja á meistaranám í félagsfræði og hún er kjörin fyrir þau, sem hugleiða meistaranám í fjölmiðlafræði eða blaða- og fréttamennsku.

Viðfangsefni fjölmiðlafræðinnar

Nemendur fá innsýn í sígilda fjölmiðlafræði auk þess sem rík áhersla er lögð á félagsfræðilegt inntak hennar. Fjölmiðlafræðin er einkar „lifandi“ grein þar sem rannsóknarefnið hefur tekið ótrúlegum stakkaskiptum, einkum með tilkomu samfélagsmiðlanna. Þá er og farið sérstaklega í dægurmenningarlegar afurðir eins og dægurtónlist (popp og rokk), kvikmyndir, sjónvarp, tölvuleiki o.s.frv.

Inntökuskilyrði

Íslenskt stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla.

Skipulag náms

Kjarni námsins eru eftirfarandi námskeið:

- Fjölmiðlafræði
- Samfélags- og nýmiðlar
- Fjölmiðlarannsóknir: Álita- og ágreiningsmál

Um haustið er boðið upp á þéttrið inngangsnámskeið sem tekur á fjölmiðlafræðinni að fornu og að nýju. Í námskeiði sem kallast einfaldlega „Fjölmiðlafræði“ eru nemendur fræddir um félagsfræðilegan grundvöll fjölmiðla og áhersla lögð á að veita nemendum innsýn í samspil fjölmiðla við samfélag og einstaklinga.

Um vorið taka nemendur svo námskeiðið „Samfélags- og nýmiðlar“ sem er með öllu helgað hinum svofelldu samfélagsmiðlum sem hafa á undraskjótum tíma markað djúp spor í fjölmiðlasöguna. Sérstaklega verður litið til þeirra rullu sem þessir gagnvirku samfélagsmiðlar spila í samfélagsumræðu og hvað einstaklings- og hópasamskipti varðar.

Einnig er sérstakt rannsóknanámskeið, „Fjölmiðlarannsóknir: Álita- og ágreiningsmál“ þar sem nemendum gefst færi á að stíga úr stólnum og prufa sig áfram með rannsóknir/verkefni gagnvart því sem lærst hefur.

Nemendur geta svo valið um ýmis námskeið sem tóna við þessa námsleið, eins og Félagsfræði dægurmenningar, Geðheilsufélagsfræði, Líkaminn og kynverundin o.s.frv.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu námsbrautar
hi.is/fjolmidlafraedi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD